

ÚRSKURÐARNEFND FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

Úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 1/2020

**Kæra á ákvörðun PFS nr. 1/2020, frávísun á kvörtun
Félags atvinnurekenda.**

I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með kæru, dags. 11. maí 2020, hefur Félag atvinnurekenda, (kærandi), kært ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), nr. 1/2020, dags. 14. apríl 2020, um að vísa kvörtun félagsins frá.

Aðilar málsins við málsmeðferð PFS var kærandi og að kærumáli þessu eru aðilar kærandi og PFS.

Af hálfu kæranda er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði ógilt og PFS gert að taka kröfu kæranda til efnislegrar meðferðar.

PFS gerir þá kröfu að hin kærða ákvörðun verði staðfest, með vísan til forsendna hennar.

II. Helstu málsatvik

Upphaf máls þessa má rekja til þess að kærandi fór fram á við PFS að stofnunin tæki gjaldskrár Íslandspósts, núverandi alþjónustuveitanda, til endurskoðunar. Félagsmenn kæranda séu 180 fyrirtæki af mismunandi stærð og gerð. Fjögur þeirra séu í beinni samkeppni við Íslandspóst. Niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar er að kærandi sé ekki aðili málsins í skilningi stjórnarsýslulaga þar sem umtalsverður fjöldi félagsmanna hans eigi ekki beinna, verulegrar, sérstakra og lögvarinna hagsmuni að gæta af úrlausn málsins.

III. Helstu sjónarmið aðila

1.

Úrskurðarnefnd móttók kæru vegna málsins hinn 11. maí 2020. Í kæru kemur fram að PFS hafi vísað kvörtun kæranda frá á grundvelli aðildarskorts. Kærandi bendir annars vegar á að samkvæmt lögum Félags atvinnurekenda sé markmið og tilgangur kæranda að standa vörð um hagsmuni félagsmanna og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart opinberum aðilum og öðrum stofnunum, samtökum og fyrirtækjum í öllum þeim málum sem hagsmuni þeirra varða. Hins vegar bendir kærandi á að samkvæmt óskráðri meginreglu stjórnarsýsluréttar teljist aðili máls vera sá sem hafi sérstakra, beinna, verulegra og lögvarðra hagsmuna að gæta af máli.

Hagsmunasamtök geti átt slíka aðild að stjórnarsýslumálum þegar umtalsverður fjöldi félagsmanna eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn máls og það sé yfirlýstur tilgangur félagsins að vernda þá hagsmuni. Þetta komi fram í álitum Umboðsmanns Alþingis nr. 4902/2007 og í álitum nr. 5475/2008. Í síðara álitinu sé vísað til 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar þar sem tryggður sé réttur manna til að stofna félög í

ÚRSKURÐARNEFND FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

sérhverjum löglegum tilgangi án þess að sækja um leyfi til þess. Í sama ákvæði séu tvær tegundir félaga sérstaklega tilgreindar, þ.e.a.s. stéttarfélög og stjórnmalafélög. Þar segi m.a. að horfa verði að nokkru marki til stjórnarskrárbundinnar stöðu stéttarfélaga við mat á hvort ákvörðun stjórnvalds verði talin í tilteknu máli varða hagsmuni umtalsverðs fjölda félagsmanna í ákveðnu stéttarfélagi þannig að fullnægt sé óskráðum reglum stjórnisýsluréttar um aðild félagsins að slíkum málum.

Kærandi bendir á að hann gæti hagsmuna stórra sem smárra aðildarfyrirtækja með því að vera einarður talsmaður viðskiptafrelsis og heilbrigðrar samkeppni. Markmið og tilgangur kæranda sé að standa vörð um hagsmuni félagsmanna og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart opinberum aðilum og öðrum stofnunum, samtökum og fyrirtækjum í öllum þeim málum sem hagsmuni þeirra varði. Meðal þeirra fyrirtækja sem séu innan vébanda kæranda séu fjögur fyrirtæki sem séu í beinni samkeppni við Íslandspóst á sviði bréfa- og bögglaðreifingar og hafi því verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins sem og annarra mála sem kærandi hafi rekið fyrir þeirra hönd gagnvart öðrum opinberum aðilum. Keppinautar Íslandspósts innan vébanda kæranda séu fyrirtækin Dropp ehf., Póstdreifing ehf., Póstmarkaðurinn ehf. og Umslag ehf. Hafi flest þessi fyrirtæki m.a. gengið í félag kæranda undir þeim formerkjum að kærandi komi fram fyrir þeirra hönd gagnvart opinberum aðilum.

Í hinni kærðu ákvörðun sé frávísun vegna aðildarskorts rökstudd með þeim hætti að það sé eingöngu óverulegur eða jafnvel hverfandi hluti félagsmanna kæranda sem eigi sömu og/eða sambærilegra samkeppnishagsmuna að gæta varðandi gjaldskrár Íslandspósts eða aðeins 4 fyrirtæki af þeim 180 fyrirtækjum sem mynda félagatal kæranda. Því sé skilyrðið um að umtalsverður fjöldi félagsmanna eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn kvörtunarmáls kæranda, ekki uppfyllt.

Kærandi hafnar þeirri aðferð sem PFS beiti við mat á því hvort að umtalsverður hluti félagsmanna kæranda teljist eiga beinna, sérstakra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta, þ.e.a.s. að miða við hlutfall af félagatali kæranda. Öll fyrirtæki geta gengið í félag kæranda. Hlutfall umræddra fyrirtækja af félagatali geti breyst án þess að fjöldi þeirra breytist nokkuð og telur kærandi því ótækt að beita framangreindri aðferð PFS. Stór hluti þeirra fyrirtækja sem séu í samkeppni við Íslandspóst á því sviði sem um ræði séu í félagatali kæranda. Sé það mat kæranda að sama túlkunarregla og fram komi álitum umboðsmanns Alþingis nr. 5475/2008, eigi við um mat stjórnvalds á því hvort kærandi teljist vera aðili máls. Þar sem engar leiðbeiningar séu veittar um hvernig meta skuli hvað teljist umtalsverður hluti og á grundvelli þess mats umboðsmanns Alþingis að aðild félaga verði ekki settar of strangar skorður m.t.t. 74. gr. stjórnarskrár skuli orðalagið „umtalsverður hluti“ túlkað kæranda í hag. Þá sé það mat kæranda að gæsla umræddra hagsmuna f.h. fyrirtækjanna teljist til yfirlýsts tilgangs og markmiðs félagsins.

ÚRSKURÐARNEFND FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

2.

Úrskurðarnefnd óskaði þann 18. maí 2020 eftir að PFS skilaði umsögn vegna kærunnar og var frestur í því skyni veittur til 1. júní 2020. Móttók úrskurðarnefnd greinargerð stofnunarinnar þann 26. maí 2020.

PFS krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í greinargerð PFS eru helstu atvik málsins rakin. Kærandi hafi sent erindi til PFS þann 5. mars 2020, og krafist þess að Íslandspósti yrði gert að endurskoða gjaldskrá fyrir pakka innan alþjónustu sem tekið hafi gildi um síðustu áramót samhliða gildistöku nýrra laga um pósthjónustu. Að mati kæranda taki gjaldskrá Íslandspósts ekki mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði. Með gjaldskránni væri verið að undirverðleggja pakka og vörusendingar á virku markaðssvæði. Bréfaskipti þessa máls séu ekki mikil vöxtum og varði einungis upphaflegt erindi kæranda og samskipti við PFS um formhlið málsins. Ekki virðist vera ágreiningur um lagagrundvöll málsins. Hér sé hvort tveggja átt við það skilyrði stjórnarsýsluréttar um að maður þurfi að eiga beinna, sérstaklega, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta til að geta átt aðild að stjórnarsýslumáli og hvernig skuli beita þessu skilyrði varðandi mögulega aðild félagasamtaka að stjórnarsýslumálum f.h. félagsmanna sinna. Varðandi síðara atriðið sé reglan sú að umtalsverður fjöldi félagsmanna í félagi þurfi að eiga beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn máls og það að vera yfirlýstur tilgangur félagsins að vernda þá hagsmuni. Í ljósi þess að ekki sé ágreiningur um lagagrundvöll málsins, þ.e.a.s. formskilyrði fyrir aðild að stjórnarsýslumálum, þyki PFS ekki vera þörf að fjalla almennt um inntak reglunnar. Ágreiningur virðist vera um hvernig beri að meta og beita þeim hluta framangreindrar reglu sem snúi að möguleika félagasamtaka til að eiga aðild að stjórnarsýslumáli f.h. félagsmanna sinna.

Í hinni kærðu ákvörðun hafi kærandi byggt á tveimur meginröksemdum fyrir aðild. Annars vegar að umtalsverður fjöldi félagsmanna ætti beinni, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn þess máls og hins vegar að allir félagsmenn hefðu ríka hagsmuni af því að gjaldskrá Íslandspósts væri lögum samkvæm og að samkeppni ríkti á póstmarkaði. Þá hafi það verið álit kæranda að það væri í samræmi við lög og tilgang hans að verja þessa hagsmuni fyrir félagsmenn. Í kæru sé ekki vikið að síðari röksemdinni og líti PFS því svo á að kærurálf þetta lúti ekki að þessu atriði.

Hvað varðar mat á skilyrðum fyrir aðild félagasamtaka að stjórnarsýslumáli f.h. félagsmanna þá hafnar kærandi þeirri aðferð sem PFS hafi lagt til grundvallar við að meta hvort umtalsverður meirihluti félagsmanna kæranda eigi beinna, sérstakra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta til að geta átt aðild. Kærandi færi þó ekki rök fyrir því hvaða aðferð PFS hefði átt að beita við þetta mat.

Það sé álit PFS að sú aðferð að reikna út hlutfall þeirra félagsmanna sem eigi eða gætu átt sömu, eða a.m.k. mjög sambærilega hagsmuni, af heildarfjölda félagsmanna sé hlutlæg og málefnaleg aðferð. Hún sé til þess fallin að geta lagt mat á hvort slíkur hópur félagsmanna nái því að vera meirihluti félagsmanna eða öllu heldur umtalsverður meirihluti þeirra. Þau

ÚRSKURÐARNEFND FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

félög sem tilgreind hafi verið af kæranda, um að eiga sameiginlega hagsmuni að gæta gagnvart Íslandspósti séu eingöngu um 2% af heildarfjölda félagsmanna kæranda.

PFS telur það ekki stoða að heildarfjöldi félagsmanna geti verið breytilegur frá einu ári til annars. Að áliti PFS þurfi mat á skilyrði um nægjanlegt hlutfall félagsmanna að fara fram á þeim tímapunkti sem formskilyrði sé tekið til úrlausnar. Ekkert sé fram komið í málátilbúnaði kæranda um að PFS hafi lagt til grundvallar rangar upplýsingar um félagatal hans.

Sú röksemd kæranda, að félagið standi opið fyrirtækjum af öllum stærðargráðum og á hvaða sviði sem er, hjálpi ekki til. Það dragi fram það sem PFS hafi lagt til grundvallar í hinni kærðu ákvörðun, þ.e.a.s. að félagsmenn kæranda séu eðlisólíkir og eigi almennt ekki samstæðra hagsmuna að gæta í tilteknu stjórnslumáli, sem í þessu tilviki varði samkeppnishagsmuni mjög þröngs hóps félagsmanna.

Þá breyti það ekki niðurstöðunni að þau fyrirtæki sem sérstaklega séu tilgreind af kæranda séu stór hluti keppinauta Íslandspósts. Þetta gætu mögulega verið öll fyrirtæki á markaði sem eigi samkeppnishagsmuna að gæta gagnvart Íslandspósti, en það breyti því ekki að þetta sé einungis lítill hluti félagsmanna kæranda. Því bresti skilyrði fyrir aðild kæranda að kvörtunarmáli gagnvart Íslandspósti um þessa hagsmuni.

Þá hafni PFS því að álit umboðsmanns Alþingis nr. 5475/2008 hafi almennt fordæmisgildi um túlkun og beitingu skilyrða stjórnsluréttar varðandi aðild félagasamtaka að stjórnslumálum. Álitið varði kæruaðild stéttarfélags í tilteknu máli. Telur umboðsmaður að stéttarfélög njóti tiltekinnar sérstöðu. Félag kæranda sé aftur á móti ekki stéttarfélag og tilgangur þess sé ekki að berjast fyrir kjaramálum tiltekinnar atvinnustéttar. Félag kæranda sé ekki félag sem samanstandi af einsleitum félagsmönnum um tiltekna sameiginlega hagsmuni þeirra.

Þá hafi tilvísanir kæranda í lög félagsins, eða væntingar tiltekinna félagsmanna til þeirra, ekki þýðingu í máli þessu. Ekki nema til að styðja við það sjónarmið að hagsmunagæsla sé eitt af meginviðfangsefnum kæranda, en það skapi kæranda ekki aðilastöðu að stjórnslumálum nema önnur skilyrði fyrir aðild séu uppfyllt.

PFS bendir á að óskráðar reglur stjórnsluréttar um skilyrði fyrir aðild félagasamtaka hafi verið við lýði um langan tíma. Efnislegt inntak skilyrðanna sé nokkuð strangt, þ.e. að umtalsverður meirihluti félagsmanna verði að eiga beinna, sérstakra, verulegra og lögvarinnar hagsmuna að gæta af úrlausn málsins til að geta átt aðild að stjórnslumáli. PFS hafi aðeins fundið fordæmi um aðild félagasamtaka í tilviki stéttarfélaga og umhverfisverndarsamtaka. PFS telur að gjalda beri varhug að því að játa þrýstihópum og samtökum í hagsmunagæslu aðild að tilteknum stjórnslumálum f.h. félagsmanna sinna, enda telji PFS að slíkt myndi breyta eðli og framkvæmd íslenskrar stjórnslu til muna.

Loks bendir PFS á að gjaldskrá Íslandspósts fyrir pakkasendingar sé til skoðunar hjá stofnuninni og við rannsókn þess máls verði litið til sjónarmiða kæranda enda þótt ekki séu forsendur til þess að hann geti átt beina aðild að því máli. PFS áréttar síðan kröfu sína um að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

ÚRSKURÐARNEFND FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

3.

Hinn 26. maí 2020 var greinargerð PFS send til kæranda til upplýsingar eða eftir atvikum til frekari andmæla. Var kæranda veittur frestur til 5. júní 2020 til þess að skila frekari athugasemdum vegna málsins. Athugasemdir kæranda bárust þann 5. júní 2020.

Kærandi ítrekar þau sjónarmið sem fram koma í kæru en telur rétt að áréttu nokkur atriði sérstaklega.

Kærandi byggir ekki á þeirri röksemd að allir félagsmenn hafi ríka hagsmuni af því að gjaldskrá Íslandspósts sé lögum samkvæm og heilbrigð samkeppni ríki á póstmárkaði, enda þótt hún sé vissulega efnislega rétt. Kærandi ítrekar þau sjónarmið sem fram komi í álitum umboðsmanns Alþingis nr. 5475/2008 um að stjórnvöld verði að gæta þess að gera ekki of stangar kröfur þannig að það þjóni vart tilgangi að menn nýti sér rétt sinn til sameiginlegrar hagsmunagæslu. Þó framangreint álit varði stéttarfélög telur kærandi sömu sjónarmið eiga við um aðild hans enda njóti hagsmunafélög á borð við kæranda sömu verndar 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrár, þó þau séu ekki sérstaklega talin upp í ákvæðinu. Séu stéttarfélög og stjórnmalafélög enda talin upp í dæmaskyni í ákvæðinu.

Þá geri kærandi athugasemd við það sem fram komi í greinargerð PFS um að það sé skilyrði fyrir aðild kæranda að stjórnarsýslumáli að umtalsverður meirihluti verði að eiga beinna, sérstakra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn máls. Í álitum umboðsmanns Alþingis komi fram að það sé viðurkennt á sviði stjórnarsýsluréttar að félag geti átt aðild vegna félagsmanna sinna ef umtalsverður hluti félagsmanna teljist eiga einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins og gæsla þessara hagsmuna teljist til yfirlýsts tilgangs og markmiða félagsins. Hvergi komi fram að gerð sé krafa um meirihluta félagsmanna. Samtök kæranda sé sá vettvangur sem keppinautar Íslandspósts, sem njóti sérstöðu á póstmárkaðnum, leiti til þegar komi að hagsmunagæslu en nær öll þau fyrirtæki séu félagsmenn kæranda og hafi kærandi beitt sér af krafti í málum sem varði hagsmuni þeirra. Sé það mat kæranda að líta megi svo á að um sé að ræða verulegan hluta félagsmanna hans. Við mat á því beri ekki einungis að líta til hlutfalls umræddra fyrirtækja í félagatali kæranda.

IV. Niðurstöður

1.

Mál þetta má rekja til erindis kæranda til PFS um að Íslandspósti verði gert að endurskoða gjaldskrá fyrir pakka innan alþjónustu sem tekið hafi gildi um síðustu áramót samhliða gildistöku nýrra laga um pósthjónustu, nr. 98/2019. Í hinni kærðu ákvörðun taldi PFS formskilyrði ekki vera uppfyllt til að fjalla efnislega um erindið. Var því vísað frá á þeim grundvelli að skilyrði fyrir aðild væri ekki uppfyllt.

Kærandi telur skilyrði fyrir aðild uppfyllt þar sem tilgangur hans samkvæmt lögum félagsins sé að standa vörð um hagsmuni félagsmanna en hluti félagsmanna séu keppinautar Íslandspósts og hafi því verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins.

ÚRSKURÐARNEFND FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

PFS byggir á því að staðfesta skuli hina kærðu ákvörðun þar sem umtalsverður hluti félagsmanna kæranda eigi ekki beinna, sérstakra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn málsins.

2.

Kærandi er hagsmunafélag atvinnurekenda og samkvæmt lögum þess er hlutverk hans að gæta hagsmuna stórra sem smárra aðildarfyrirtækja með því að vera einarður talsmaður viðskiptafrelsis og heilbrigðrar samkeppni. Tilgangur kæranda sé m.a. að þjóna verslun og hvers kyns annarri atvinnustarfsemi á Íslandi og gæta hagsmuna hennar á innlendum og erlendum vettvangi svo og að standa vörð um hagsmuni félagsmanna og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart opinberum aðilum í öllum þeim málum sem hagsmuni þeirra varða. Aðilar að kæranda geta orðið einstaklingar, félög og fyrirtæki, sem starfi á sviði hvers kyns verslunar og viðskipta. Inntökubeiðni telst samþykkt ef hún hlýtur samþykki meirihluta stjórnar kæranda.

Innan vébanda kæranda eru 180 félagsmenn eða fyrirtæki og starfa þau á sviði hvers kyns verslunar og viðskipta. Fjórir félagsmenn kæranda eru keppninautar Íslandspósts. Kærandi gætti og stóð vörð um hagsmuni þessara fjögurra félagsmanna með beiðni til PFS um að Íslandspósti yrði gert að endurskoða gjaldskrá sína fyrir pakka innan alþjónustu án þess að tiltekin viðskipti lægju þar að baki.

3.

Óumdeilt er í máli þessu að félag, eins og kærandi, getur átt aðild að stjórnarsýslumáli. Skilyrði fyrir aðild á „kollektivum“ grunni er að umtalsverður hluti félagsmanna félagsins eigi beinna, sérstakra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn máls og gæsla þessara hagsmuna teljist til yfirlýsts tilgangs og markmiða félagsins.

Ágreiningur máls þessa snýr að mati á því hvort að skilyrði um að „umtalsverður hluti“ félagsmanna eigi beinna, sérstakra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta, sé uppfyllt. Í gögnum málsins kemur fram að félagsmenn kæranda séu 180 talsins og að fjórir þeirra séu keppninautar Íslandspósts og eigi því beinna, sérstakra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn málsins.

Í álitum umboðsmanns nr. 5475/2008, sem kærandi vísar til, hafði samgönguráðuneytið vísað frá stjórnarsýslukæru Félags vélstjóra og málmtæknimanna. Kæra félagsins varðaði úrskurð mönnunarnefndar þar sem heimilað var að fækka vélstjórum um borð í skipum af ákveðinni stærð. Umboðsmaður taldi að úrskurður nefndarinnar hefði verið þannig að ekki væri útilokað að niðurstaðan hefði getað haft áhrif á lögvarða hagsmuni velflestra vélstjóra sem störfuðu um borð í skipum af ákveðinni stærð. Var það því mat umboðsmanns að umtalsverður hluti félagsmanna félagsins teldist eiga eintaklegra og verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins. Umboðsmaður áréttar í álitum sínum að innan þess ramma, sem mat af hálfu stjórnvalds fari fram á hvort umtalsverður fjöldi félagsmanna verði talinn hafa einstaklegra og verulegra hagsmuna af úrlausn máls, verði stjórnvöld að gæta þess að gera ekki of strangar kröfur þannig að það þjóni að þessu leyti vart tilgangi að menn nýti rétt sinn til sameiginlegrar hagsmunagæslu í stéttarfélagi. Sé

ÚRSKURÐARNEFND FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

Það í samræmi við þau almennu lagasjónarmið um kærueðild, sem að framan séu rakin, um að kærueðild verði almennt ekki settar þröngar skorður.

Í máli þessu liggur fyrir að aðeins fjórir af 180 félagsmönnum kæranda gætu átt einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins. Að mati úrskurðarnefndar er skilyrði um að umtalsverður fjöldi félagsmanna kæranda eigi einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu máls, ekki fyrir hendi enda þótt kærueðild séu settar rúmar skorður. Þá verður að benda á að þau fordæmi sem kærandi vísar til varða hagsmuni stéttafélaga þar sem félagsaðild byggir ekki á því hvort stjórn félags samþykki aðild einstakra félagsmanna, eins og á við um kæranda. Telur úrskurðarnefnd að ekki sé annað unnt en að staðfesta hina kærðu ákvörðun í ljósi framangreinds.

Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki ástæða til að skoða nánar hvort yfirlýstur tilgangur kæranda og markmið sé að vernda þá hagsmuni sem mál þetta snýst um eða hvort erindi kæranda til PFS hafi verið of almenns eðlis.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði eins og nánar er greint í úrskurðarorði.

Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

V. Úrskurðarorð

Ákvörðun PFS nr. 1/2020, frá 14. apríl 2020, er staðfest.

Málskostnaður að fjárhæð 750.000 kr. greiðist úr ríkissjóði.

Reykjavík, 20. júlí 2020

Pórður Bogason

Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir

Kirstín Þ. Flygenring